

að stefnandi hafi borið fram kröfu á hendur stefnda um þátttöku í kostnaði fyrir viðhald á eldri girðingunni fyrr en í máli þessu, og ekki liggja fyrir reikningar um slíkan kostnað, nema þær 300.00 kr., sem stefnandi krefst nú og úttektarmenn hafa metið. Verður stefndi því aðeins dæmdur til að greiða 45% af þeirri upphæð samkvæmt niðurlagi 7. gr. girðingalaganna, eða kr. 135.00. Þá verður stefndi aðeins dæmdur til að greiða matskostnað í sama hlutfalli, þ. e. 45% af kr. 134.72 eða kr. 60.62. Síðasta lið kröfunnar, kr. 106.58, þykir mega taka til greina að fullu, enda hefur sú krafa ekki sætt mótmælum, hvað upphæð snertir.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 3350.95 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og kr. 1000.00 í málskostnað.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Aðalsteinn Guðmundsson, greiði stefnanda, Skúla Guðmundssyni, kr. 3350.95 auk 7% ársvaxta frá 15. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1956.

Nr. 163/1955. Ákærvaldið (Einar Ásmundsson)
gegn

Aðalsteini Jóni Þorbergssyni
(Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðarslys. Brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn þeim lagaboðum, sem þar greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar,

verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að svipta ákærða ökuleyfi 15 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Aðalsteinn Jón Þorbergsson, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 15 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar E. Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. september 1955.

Ár 1955, föstudaginn 9. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4072/1955: Ákærvaldið gegn Aðalsteini Jóni Þorbergssyni, sem dómtekið var 26. ágúst s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 2. júlí s.l., gegn Aðalsteini Jóni Þorbergssyni, Spítalastíg 1A, hér í bæ, fyrir brot gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1., 2. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 með því að taka stjórn bifreiðarinnar R 2736 hinn 27. marz 1955 á Reykjanesbraut og aka henni áleiðis til Hafnarfjarðar, þótt hann væri með áfengisáhrifum, aka bifreiðinni með of miklum hraða og ógætilega, þannig að hún fór út af veginum, stórskemmdist og farþegi í henni hlaut meiðsli.

Er nefndur Aðalsteinn Jón ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 45. gr. áfengislaga, 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, sbr. lög nr. 6/1951, 2. gr., og 14. gr. umferðarlaga, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. marz 1935 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

Ár 1952 22/11 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 27. marz s.l., milli kl. 16,30 og 17,00, varð umferðarslys það, sem mál þetta er risið af, á Reykjanesbraut nokkru fyrir sunnan Hafnarfjörð. Menn þeir, er við slysið voru riðnir, höfðu ekki hirt um að tilkynna lögreglu um það og voru farnir á brott, er hún kom á vettvang. Tildrög slyssins höfðu verið þau, að bifreiðinni R 2736 hafði verið ekið út af veginum og hún síðan oltið. Var bifreiðin á hvolfi, er lögreglan kom að, og mjög skemmd. Bifreiðin, sem hafði verið ekið í átt til Hafnarfjarðar, hafði farið út af hægra megin vegarins. Samkvæmt frásögn Sveins Björnssonar, lögregluþjóns í Hafnarfirði, hafði bifreiðinni, að því er virtist, verið ekið með geysihraða eftir vegarbrúninni ofan í gjótu, þar á grjót, upp á vegarbrúnina aftur, og síðan hafði henni hvolft. Framendi bifreiðarinnar var aðeins inni á hægri brún vegarins. Bifreiðin hafði farið út af veginum um 25 metra frá þeim stað, er hún var á, er lögreglumenn komu að henni. Menn, er komu á slysstaðinn, rétt í því að slysið varð, skýrðu lögreglunni frá því, að 3 menn hefðu verið í bifreiðinni R 2736. Hefði einn verið slasaður og blóð fossað úr enni hans og hnakka. Ekki var hægt að sjá, að hinir mennirnir væru meiddir. Er slysið varð, var veður heiðskírt og færi þurrt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum var malborið, laust og óslétt. Bifreiðin R 2736 er 6 manna fólksbifreið af Chevrolet gerð.

Við nánari rannsókn kom í ljós, að í bifreiðinni höfðu verið þeir Aðalsteinn Jón Þorbergsson, ákærði í máli þessu, Guðmundur Viggó Ólafsson, eigandi bifreiðarinnar R 2736, Shellvegi 2, hér í bæ, og Gísli Víglundsson, Hverfisgötu 70, hér í bæ. Höfðu ákærði í máli þessu og Guðmundur Viggó verið að neyta áfengis umræddan dag og höfðu fengið Gísla til að aka sér til Keflavíkur á bifreiðinni. Kveður Gísli þá hafa komið heim til sín kl. 14—15 um daginn og beðið sig að aka bifreiðinni. Varð hann við bón þeirra. Ók hann þeim fyrst nokkuð um Reykjavík, en síðan áleiðis suður eftir. Ekki er komið fram neitt um það, að Gísli hafi neytt áfengis umræddan dag, en þeir ákærði og Guðmundur Viggó voru báðir með áfengisáhrifum. Höfðu þeir keypt hálfu flösku af áfengi af bifreiðarstjóra, sem ekki hefur tekizt að upplýsa, hver var, og neyttu af henni á leiðinni. Ákærði og Guðmundur Viggó sátu báðir í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni suður eftir. Allt gekk með felldu í fyrstu á ferðalagi þeirra féлага. Kveðst Gísli hafa

verið fremur óvanur að aka bifreið og ekki ekið hratt, enda þótt þeir ákærði og Guðmundur Viggó hvettu hann til þess. Er komið var nokkuð suður fyrir Hafnarfjörð, var beygja á veginum. Var þar lausamöl, og tók bifreiðin að kastast til, snerist og lenti með afturendann út af veginum þannig, að er hún stöðvaðist, var hún þversum á veginum. Gísli áætla, að bifreiðin hafi verið á um 50 km hraða, er þetta varð. Við slysið kastaðist eigandi bifreiðarinnar, Guðmundur Viggó, með höfuðið á afturrúðu hægra megin, svo að hún brotnaði. Við það hlaut hann áverka á framanverðu höfði og enni, og blæddi úr þeim. Bifreiðin R 2736 skemmdist ekkert. Ákærði kveður Gísla hafa misst stjórn á bifreiðinni, og hafi afturhluti hennar lent út af veginum. Um leið kveður hann Guðmund Viggó hafa hengt hálfgerst yfir sig og skollið með höfuðið á afturrúðu hægra megin. Guðmundur Viggó kveðst ekki vita, með hverjum hætti bifreiðin snerist á veginum, en hann kastaðist til í bifreiðinni og lenti á rúðu, eins og að framan greinir. Eftir það kveðst Guðmundur Viggó ekki muna eftir sér fyrr en á sjúkrahúsi í Hafnarfirði.

Er slysið var orðið, færði Gísli sig í aftursætið til Guðmundar Viggós og tók að hlúa að honum. Kveðst hann hafa haldið vasa-klút að enni hans til að stöðva blóðrennslið. Á meðan á þessu stóð, fór ákærði undir stýri bifreiðarinnar og ók af stað. Gísli kveðst hafa kallað til ákærða og beðið hann að aka ekki vegna ástands hans, en ákærði hafi svarað því til, að hann treysti honum ekki til að aka, fyrst þetta hefði komið fyrir. Gísli kveður ákærða hafa verið talsvert drukkinn, er hann hóf aksturinn, enda hafi þeir Guðmundur Viggó og hann verið að drekka á leiðinni suður eftir.

Ákærði hefur skýrt nokkuð öðruvísi frá þessu heldur en Gísli. Kveður hann Gísla hafa sagzt ekki geta ekið bifreiðinni meira. Guðmundur Viggó, er hafði hlotið skurð á enni, er hann rakst með höfuðið á rúðuna, hafi verið hálfvælandi aftur í bifreiðinni. Hafi hann þess vegna setzt undir stýri bifreiðarinnar og ekið áleiðis til Hafnarfjarðar til að koma Guðmundi Viggó til læknis í flýti. Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið með áhrifum áfengis við aksturinn. Við samprófun náðist ekki samræmi í framburðum Gísla og ákærða. Hélt hvor þeirra fast við framburð sinn, varðandi þetta atriði. Gísli kveður ákærða hafa ekið hratt af stað. Er hann hafði ekið 3 til 4 mínútur, kom hann að smábeygju á veginum, er hallaði frekar ofan í móti. Kveðst Gísli þá ekki hafa vitað fyrr til en bifreiðin snerist á veginum og valt síðan út af honum til hægri. Heldur Gísli, að bifreiðin hafi farið

eina til tvær veltur og staðnæmzt síðan utan við veginn á þakinu. Gísli kveður ákærða hafa sagt sér, að hann hafi verið kominn á 100 km hraða, er slysið varð. Því hefur ákærði neitað og ekki náðst samræmi á milli þeirra, varðandi þetta atriði. Kveðst ákærði ekki geta tilgreint, á hvaða hraða hann ók, er slysið varð, en kveðst ekki hafa ekið á þeim hraða, sem Gísli tilgreinir eftir honum. Ákærði kveður slysið hafa orðið með þeim hætti, að er hann hafði ekið 7—8 km, hafi verið beygja á veginum, þar sem fyrst varð að aka upp í móti, en síðan niður brekku. Í beygjunni missti ákærði vald á bifreiðinni, og rann hún út af veginum. Ákærði kveðst ekki vita, hve margar veltur bifreiðin fór, en hún staðnæmdist á þakinu. Þeir Guðmundur Viggó og Gísli hlutu ekki meiðsli í slysinu, að því er fram hefur komið, en ákærði meiddist sjálfur eitthvað í baki. Ákærði og Gísli komust í bifreið til Reykjavíkur, en Guðmundi Viggó var ekið í sjúkrahús í Hafnarfirði.

Samkvæmt vottorði Ólafs Einarssonar læknis, dagsettu 26. ágúst s.l., hlaut Guðmundur Viggó þessi meiðsli:

„27. marz s.l. var komið með Guðmund V. Ólafsson, Shellvegi 2, Reykjavík, á Sct. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Hafði Guðmundur lent í bilslýsi suður í Hraunum fyrir stundu síðan. Hafði hann fengið þungt höfuðhögg, á framanverðu höfði og enni var skurðsár, 7—8 cm á lengd. Guðmundur var nokkuð viðutan og minnissljór við komuna, og bendir það á heilahristing. Hann fór af spítalanum 5/4 1955, þá algróinn og albata, að því er virtist“.

Því hefur verið haldið fram af hálfu ákærða, að um neyðarúrræði hafi verið að ræða hjá honum, er hann ók bifreiðinni í umrætt skipti með áhrifum áfengis. Hafi hann gert það í því skyni að koma Guðmundi Viggó til lækni í skyndi, þar sem hann hafi haldið, að meiðsli hans væru hættuleg. Á þetta verður ekki fallizt. Gísli Víglundsson, er var í bifreið ákærða, var allsgáður og hefði átt að vera fullfær um að aka bifreiðinni, eins og fram hafði komið, þar til slysið varð. Ekki kemur fram í málinu, að ákærði hafi lagt að Gísla að aka bifreiðinni. Þá er þess að gæta, að mikil umferð er um veginn frá Keflavík til Reykjavíkur, og um það hlýtur ákærða að hafa verið kunnugt. Það þykir sannað með játningu ákærða svo og af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi ekið með allt of miklum hraða, miðað við aðstæður, og ekki haft nægilegt vald á bifreiðinni. Þykir hann með akstri sínum hafa sýnt verulegt gáleysi í akstri, er leiddi til þess, að bifreiðin fór út af veginum, valt og skemmdist verulega.

Með þessu atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 1. mgr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr.

23. gr., 1., 2. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 svo og 2. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða ökuleyfi, og þykir ökuleyfisviptingin hæfilega ákveðin í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Jón Þorbergsson, greiði 1000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
